

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 96/2014

096-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/780/ESB frá 5. desember 2012 um aðgangsrétt að miðlægu evrópsku gagnasafni um öryggistilmæli og svör við þeim sem komið var á fót með 5. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66d (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„66da. **32012 D 0780:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/780/ESB frá 5. desember 2012 um aðgangsrétt að miðlægu evrópsku gagnasafni um öryggistilmæli og svör við þeim sem komið var á fót með 5. mgr. 18. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugi og um niðurfellingu á tilskipun 94/56/EB (Stjtið. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 46).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2012/780/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2014 frá 16. maí 2014 ⁽²⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 46.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið ESB L xxx, 30.10.2014, bls. xx, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 30.10.2014, bls. 51.